

Hábrún hf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 16.12.2024
UST202401-263/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíks í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 12.11.2024, þar sem fram kom að þrjú frávik hefðu verið skráð í eftirliti hjá Hábrún, Skutulsfirði þann 25. september 2024. Tveimur þeirra var lokað í bréfinu en stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna þess þriðja. Þann 9.12.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

Gr. 3.2 í starfsleyfi. Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um ástand eldissvæðanna út frá vöktun. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu sl. sumar.

Samkvæmt rekstraraðila hafi stofnuninni ekki verið tilkynnt um útsetningu vegna misskilnings. Framvegis muni stofnuninni einnig vera tilkynnt með minnst 2 vikna fyrirvara við næstu útsetningu, samkvæmt starfsleyfi.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur